

## Auglýsingar útboða

### Siglufrjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufrirði 02-044

Vegagerðin, Norðurlandsudmæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið Siglufrjarðarvegur (76) Gránugata - Tjarnargata á Siglufrirði.

Helstu magntölur: útgröftur úr götu- eða gangstéttarstæði 4.800 m<sup>3</sup>, skurðir 650 m, lagnir st 200-ø600 620 m, neðra burðarlag 4.100 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 1.120 m<sup>3</sup>, stungumalbik 4.940 m<sup>2</sup>, kantsteinn 250 m, steyphtar gangstéttar 650 m<sup>2</sup>, yfirfalls og dælubrunnur 1 stk.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 24. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 17. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Þverárfjallsvegur (744), Strandvegur á Sauðárkróki 2003 03-025

Vegagerðin, Norðurlandsudmæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið „Þverárfjallsvegur (744) Strandvegur á Sauðárkróki 2003“. Um er að ræða færslu og endurnýjun á sjóvarnargarði við Strandveg á Sauðárkróki.

Helstu magntölur: lengd kaflans 1,2 km, malarfylling 42.600 m<sup>3</sup>, síulag 10.400 m<sup>3</sup>, grjótvörn 21.100 m<sup>3</sup>, lenging skolpútrása 8 stk., útrásir regnvatnslagna 6 stk.

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 24. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Fitjavegur (714), Ásland - Miðfjarðarvegur 02-099

Vegagerðin, Norðurlandsudmæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið Fitjavegur (714) Ásland - Miðfjarðarvegur. Um er að ræða nýbyggingu á 5,5 km löngum kafla úr Fitárdal yfir í Miðfjörð í Vestur-Húnavatnssýslu.

Helstu magntölur: fyllingar og fláafleygar 22.700 m<sup>3</sup>, ræsalögn 163 m, neðra burðarlag 8.200 m<sup>3</sup>, frágangur fláa 53.000 m<sup>2</sup>.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 24. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003 - 2004 03-023

Vegagerðin, Norðurlandsudmæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið: „Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003 - 2004“. Um er að ræða vegmerkingar með vegmálningu á öllu landinu.

Helstu magntölur: málaðar línur 3.600 km.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 24. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003 03-005

Vegagerðin, Vestfjarðaumæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003“. Um er að ræða vinnslu malarlitlagsefnis í 8 námum.

Helstu magntölur: malarlitlag 26.000 m<sup>3</sup>.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 24. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Djúpvegur (61), Þorskafjarðarvegur - Sóleyjarhvatn 03-004

Vegagerðin, Vestfjarðaumæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Djúpvegur (61), Þorskafjarðarvegur - Sóleyjarhvatn“.

Verkið felst í endurlagningu 7,18 km langs vegar á Djúpvégi um Steingrímsfjarðarheiði. Kaflinn hefst við Þorskafjarðarveg og endar við Sóleyjarhvatn.

Helstu magntölur: fylling og fláafleygar 4.827 m<sup>3</sup>, skering 906 m<sup>3</sup>, klæðing 44.661 m<sup>2</sup>, efra burðarlag 5.932 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 3.184 m<sup>3</sup>, frágangur 33.258 m<sup>2</sup> og heflað af öxlum 26.144 m<sup>2</sup>.

Verki skal að fullu lokið 25. júlí 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 24. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Helgi lætur af störfum

Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri varð sjötugur 22. febrúar og lætur af störfum vegna aldurs í lok manaðarins.

Helgi fæddist á Selsstöðum við Seyðisfjörð og ólst upp á Seyðisfirði. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1952, fyrrihluta prófi í verkfræði frá Háskóla Íslands og verkfræðiprófi frá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn 1958.

Helgi var verkfræðingur hjá Vegagerðinni 1958 - 1961, hjá ráðgjafafyrirtækinu Chr. Ostenfeld og W. Jönson (nú Cowiconsult) í Kaupmannahöfn 1961 - 1962 og hjá Vegagerðinni frá 1962. Umdæmisverkfræðingur á Austurlandi til 1965, deildarverkfræðingur í brúadeild 1965 - 1972 og yfirverkfræðingur þar 1972. Forstjóri tæknideildar 1976, aðstoðarvegamálastjóri 1985 og vegamálastjóri 1992.

Helgi var formaður í Byggingaverkfræðideild Verkfræðinga- félags Íslands 1973 - 1975. Í stjórn Íslandsdeildar Norræna

vegtekniambandsins 1977 og formaður hennar 1992. Í aðalstjórn sambandsins frá 1977. Í ýmsum nefndum um vegagerð og flutninga á vegum Norðurlandaráðs 1979 - 1991. Í Skipulagsstjórn ríkisins frá 1992 uns hún var lögð niður, formaður hennar 1993 - 1994. Í Almannavarnaráði frá 1992. Í ýmsum nefndum um samgöngumál og ofanflóðamál á vegum samgöngu- og félagsmálaráðuneyta.

Helgi kvantist 23.08.1958 Margréti Gunnarsdóttur Schram, leikskólakennara og síðar kennara við Kennaraháskóla Íslands fæddri 31.12.1932.

Börn Helga og Margrétar eru: Hallgrímur, rithöfundur og myndlistamaður, Nína mannfræðingur, Ásmundur markaðsfræðingur og Gunnar leikari.



## Viktor Arnar Ingólfsson ritstjóri skrifar

### Framkvæmdafréttir 10 ára

Þann 22. febrúar voru liðin 10 ár síðan 1. tölublað Framkvæmdafréttanna kom út. Þetta tölublað er nr. 327 svo að meðaltali hafa komið út tæplega 33 blöð á ári.

Síðustu ár hefur tölublöðum á ári reyndar fjölgað, var 41 blað árið 2001 og 39 blöð árið 2002. Það má reikna með að tölublöðin verði um 40 á ári framvegis. Fyrsta blaðið var einblöðungur prentaður í svart/hvítu en fljótlega varð regla að blaðið væri fjórar blaðsíður. Það hefur svo verið prentað í lit frá nóvember 2000.

Í 1. tölublaðinu segir svo um tilgang blaðsins: „Því er ætlað að auka tengsl Vegagerðarinnar við þá aðila sem helst starfa við vegagerð í dag, þ.e. verktaka og verkfræðistofur. Margir verktakar og starfsmenn þeirra vinna stóran hluta ársins við vegagerð og eru því hinir raunverulegu sporgöngumenn gömlu mannanna sem lögðu vegi með skóflu, haka og hestakerru.“

Þessi orð eru enn í fullu gildi og miðast ritstjórnin við boðskap þeirra. Áskrifendur eru þó talsvert fjölbreyttari hópur enda hafa margir áhuga á vegagerð og samgöngum. Upplag blaðsins er 2.200 eintök og eru áskrifendur utanhúss um 1.670 talsins. Á síðasta ári hækkuðu pósthúsgjöld umtalsvert og því hefur kostnaður við útgáfuna aukist verulega. Við ætlum því að láta alla áskrifendur endurnýja áskrifur sínar nú í vor en það verður kynnt nánar síðar.

Blöðin hafa um nokkurt skeið verið birt á vefnum

vegagerdin.is sem pdf skjöl og geta lesendur reiknað með að sjá blöðin þar einhverjum dögum áður en þau berast í pósti. Pappírsútgáfan verður þó áfram til staðar um fyrirsjáanlega framtíð því í henni er formlæg opinber birting útboðsauglýsinga.

Útgáfutíðnin ræðst af fjölda útboðsauglýsinga og er reglan sú að blað er gefið út í þegar auglýsa þarf útboð. Það þýðir að blaðið kemur út nánast vikulega stóran hluta ársins. Það er rétt í kringum áramótin sem útgáfan dregst merkjanlega saman. Reynslan er sú að það er slæmt að það líði meira en tvær vikur án blaðs því þá fara áskrifendur að hringja inn og halda þá að þeir hafi dottið úf af áskrifendalista. Sambandið við lesendur hefur annars verið mjög ánægjulegt og láta þeir gjarnan ánægju sína í ljósi með efni blaðsins.

Þegar ég var að undirbúa þetta blað og tók eftir þessum tíma- mótum, sá ég að fyrir tilviljun hefur 1. tölublaðið verið gefið út á 60 ára afmælisdegi Helga Hallgrímssonar vegamálastjóra, þann 22. febrúar 1993.

Blaðið varð því 10 ára sama dag og Helgi varð sjötugur.

